



# MASTERCARD Platinum Viðskiptakort Landsbankans

## Vátryggingaskilmálar nr. GT65

### Helstu þættir:

Ferðaslysátrygging, allt að	kr. 12.000.000
Sjúkrátrygging, allt að	“ 8.000.000 *
Ferðarof, allt að	“ 240.000
Samfylgd í neyð, allt að	“ 240.000
Endurgreiðsla ferðar, allt að	“ 440.000
Sjúkrahúsdagpeningar, allt að	“ 144.000
Farangurstrygging, allt að	“ 280.000 *
Innkaupátrygging, allt að	“ 280.000 *
Farangurstöf, allt að	“ 80.000
Ferðatöf, allt að	“ 32.000
Mannránstrygging, allt að	“ 720.000
Forfallátrygging, allt að	“ 350.000**
Ábyrgðartrygging, allt að	“ 40.000.000 *

### SOS INTERNATIONAL

Viðlagþjónusta og neyðarhjálp.

\* Sjálfsábyrgð kr. 20.000

\*\* Sjálfsábyrgð kr. 12.000

### BÍLALEIGUTRYGGING

Kaskótrygging, allt að	USD 50.000
Ábyrgðartrygging, allt að	USD 1.000.000

## 1 GILDISÁKVÆÐI

- 1.1 Vátrygging skv. eftirfarandi skilmálum gildir á ferðalögum frá heimili vátryggðs í allt að 90 samfellda ferðadaga.
- 1.2 Vátryggingin nær til kreditkorthafa **MASTERCARD Platinum Viðskiptakorts** sem gefin eru út af Landsbankanum. Tryggingin nær einnig til maka, sambylismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs og eins eða tveggja viðskiptavina eða samstarfsmanna í samfylgd korthafa í viðskiptaferðum. Skilyrt er að skýrt komi fram á ferðareikningi hverjir skulu tryggðir.
- 1.3 Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild að a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með Platinum MASTERCARD raðgreiðslum eða gistirými bókað fyrirfram og kortnúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í

öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili vátryggðs.

- 1.4 Vátryggður sem fer til tímabundinna starfa til annarra landa er vátryggður skv. 1.1 en einstaklingur sem fer til náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.
- 1.5 Vátryggður sem býr utan Íslands er vátryggður skv. grein 1.1 þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 1.6 Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. 50/1987.
- 1.7 Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

## 2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI

### 2.1 Vátrygging þessi felur í sér:

- ferðaslysátryggingu
- sjúkrátryggingu
- sjúkrahúsdagpeninga
- ferðarof
- ferðakostnað annarra aðila
- endurgreiðslu ferðar
- viðlagþjónustu og neyðarhjálp
- farangurs- og innkaupátryggingu
- farangurstafátryggingu
- ferðatafátryggingu
- forfallátryggingu
- mannránstryggingu
- ábyrgðartryggingu

samkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.

- 2.2 Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þær milli félagsins og Landsbankans. Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá



greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka váttryggingarskilmála og fyrra kort.

- 2.3 Landsbankinn hefur heimild til að breyta ákvæðum þessara tryggingaskilmála eða fella úr gildi enda verði korthafa tilkynnt um það á tryggan hátt.

### 3 SKILGREININGAR

- 3.1 Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:
- „**Félagið**“ merkir Váttryggingafélag Íslands hf.
- „**Korthafi**“ er sá sem hefur Platinum Viðskiptakort í gildi.
- „**MASTERCARD kreditkort**“ merkir kort gefið út af Landsbankanum.
- „**Dvalarkostnaður**“ merkir gistingu, ferðakostnað og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.
- „**Váttryggður**“ merkir þann mann hvers lífs eða heilsu váttryggingin tekur til og eftir atvikum þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur. Þar er um að ræða handhafa Platinum viðskiptakorts, maka, sambýlismaka og börn á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- „**Slys**“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á váttryggðum og gerist án vilja hans.
- „**Dvalarland**“ merkir land þar sem váttryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfelt í a.m.k. 180 daga.
- „**Ferðakostnaður**“ merkir fargjald og gistikostnað.
- „**Náinn ættingi**“ merkir maka, sambýlismaka, foreldri, tengdaforeldri, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a váttryggðs.
- „**Náinn samstarfsmaður**“ merkir þann sem váttryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.
- „**Sambýlismaki**“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt:
- a) skráð lögheimili, b) skattframtal, eða c) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.
- „**Flutningsslys á munum**“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum.

Ennfremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.

„**Létt bifhjól**“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskráteinis til notkunar þess.

## 4 FERÐASLYSA- OG SJÚKRATRYGGING

### 4.1 Slys á ferðalagi

Verði váttryggður fyrir slysi á ferðalagi á váttryggingartímabilinu greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

- 4.1.1 Dánarbætur kr. 12.000.000.
- 4.1.2 Dánarbætur greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 4.1.3 Varanleg örorka, allt að kr. 12.000.000, eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:
- algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum, 100%
  - missir handar við úlnlið eða ofar, 100%
  - algjör, varanleg lömum annarrar eða beggja handa, 100%
  - missir fótar við ökkla eða ofar, 100%
  - algjör, varanleg lömum annars eða beggja fóta, 100%
  - algjör, ólæknandi vitskerðing, 100%
  - algjör, ólæknandi lömum, 100%
  - algjört, ólæknandi heyrnarleysi, 50%
  - algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra, 30%
  - missir þumalfingurs hægri handar, 20%
- 4.1.4 Algjör varanleg lömum útlims bætist sem missir þess útlims. Önnur varanleg örorka 16% og hærri er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.
- 4.1.5 Sé hinn váttryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.
- ### 4.2 Takmarkanir á bótaskyldu
- 4.2.1 Dánarbætur vegna töluliðar 4.1.1 hér að framan vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.



4.2.2 Sé váttryggður 60 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í töluliðum 4.1.1 og 4.1.3. hér að framan.

<b>60-61 árs 90%</b>	<b>68-69 ára 50%</b>
<b>62-63 ára 80%</b>	<b>70-71 árs 40%</b>
<b>64-65 ára 70%</b>	<b>72-73 ára 30%</b>
<b>66-67 ára 60%</b>	<b>74 ára og eldri 20%</b>

4.2.3 Bætur vegna töluliða 4.1.1 og 4.1.3 greiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

4.2.4 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærrí en kr. 12.000.000.

#### 4.3 Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að kr. 8.000.000 vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til.

##### Félagið bætir eftirfarandi:

4.3.1 Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni.

4.3.2 Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.

4.3.3 Kostnað við nauðsynlega tannlæknabjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.

4.3.4 Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands eða dvalarlands.

Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

**Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 20.000.**

#### 4.4 Ferðarof

4.4.1 Félagið bætir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að kr. 240.000 vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef váttryggður

neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:

4.4.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi eða dvalarlandi.

4.4.3 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

4.4.4 Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

#### 4.5 Ferðakostnaður annarra aðila

##### Félagið greiðir:

4.5.1 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 240.000 vegna ættingja eða vinar váttryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir váttryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

4.5.2 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 240.000 í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

#### 4.6 Endurgreiðsla ferðar

4.6.1 Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.

4.6.2 Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.

4.6.3 Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

#### 4.7 Sjúkrahúsdagpeningar

4.7.1 Félagið greiðir dagpeninga, kr. 4.800 á dag í allt að 30 daga ef váttryggður liggur á sjúkrahúsi erlendis vegna slyss eða



sjúkdóms á ferðalaginu. Ekki er greitt fyrir fyrstu tvo dagana sem sjúkrahúsvistin varir. Bætur greiðast ekki vegna barna yngri en 16 ára.

#### 4.8 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliða 4.3 - 4.7

##### Félagið bætir ekki:

4.8.1 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.

4.8.2 Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.

4.8.3 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

4.8.4 Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:  
a) mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða  
b) ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.

4.8.5 Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.

4.8.6 Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

## 5 FARANGUR OG TAFIR

### 5.1 Farangurs- og innkaupatrygging

Váttryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningslyss.

Skilyrt er að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða.

5.1.1 Váttryggingarfjárhæð er allt að kr. 280.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 140.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi.

5.1.2 Váttryggingarfjárhæð er allt að kr. 280.000 fyrir hvern fullorðinn og allt að kr. 140.000

fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með Platinum Vipskiptakorti.

5.1.3 Hámarksbætur vegna úra og skartgripa geta aldrei orðið hærri en 50% af váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í 5.1.1 og 5.1.2

5.1.4 Hámarksbætur á hverju almannaksári fyrir sig skv. gr. 5.1.1 og 5.1.2 eru kr. 560.000 fyrir hvern fullorðinn og kr. 280.000 fyrir börn til loka 18 ára aldurs.

**Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 20.000 í hverju tjóni.**

### 5.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 5.1

##### Félagið bætir ekki:

5.2.1 Hærri upphæð en kr. 160.000 fyrir einstakan hlut, þar eða samstæðu.

5.2.2 Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.

5.2.3 Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningfarartæki hlekkist á.

5.2.4 Tjón vegna skemmda á ípróttatækjum í notkun.

5.2.5 Tjón er leiðir af eignaupptöku eða haldi á munum af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.

5.2.6 Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.

5.2.7 Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.

5.2.8 Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, ráns eða innbrots.

5.2.9 Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.



5.2.10 Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.

5.2.11 Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.

5.2.12 Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í faratæki eða húsnæði.

5.2.13 Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.

5.2.14 Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað.

Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu.

5.2.15 Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

### 5.3 Ákvörðun bóta

5.3.1 Bætur skulu miðast við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðyrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

5.3.2 Þrátt fyrir gr. 5.3.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið hærri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið hærri en 70%

Tegund	Ár án afskr.	Afskr. á ári
Fatnaður	1 ár	20%
Hljómflutningstæki	2 ár	10%
Stafrænar myndavélar	1 ár	20%
Tölvur og fylgihlutir	1 ár	20%
Útvörp	2 ár	10%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	10%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	10%

5.3.3 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

### 5.4 Töf á farangri

5.4.1 Fáir váttryggðir farangur sinn ekki afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið, vegna

tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum. Fyrir hverja klukkustund umfram 6 tíma töf greiðast kr. 8.000, að hámarki kr. 80.000, fyrir hvern váttryggðan 16 ára og eldri.

Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.

Bætur takmarkast við þrjá váttryggða vegna hvers tjónsatburðar.

Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram. Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið.

Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmarkið viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um farabókun.

**Ef bætur eru hærri en kr. 16.000 ber váttryggðum að framvísa reikningum vegna útlagðs kostnaðar.**

## 5.5 Varúðarreglur

5.5.1 Váttryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa húbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir váttryggðu munir eru skildir eftir.

5.5.2 Váttryggður skal ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

5.5.3 Váttryggður skal sjá til þess að hinir váttryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

5.5.4 Váttryggður skal ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.

## 5.6 Brot á varúðarreglum

Skýlt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 5.7 Ferðatöf

Fari svo að verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma váttryggðs til



ákvöðunarstaðar greiðast bætur. Fyrir hverja klukkustund umfram 8 tíma töf greiðast kr. 2.000, að hámarki kr. 24.000, fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri.

Bætur takmarkast við þrjá vátryggða vegna hvers tjónsatburðar.

Töf reiknast frá komutíma farartækis sem greinir í ferðaáætlun þeirri sem vátryggðum var látin í té.

Tjónþola bera að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem orsök og tímalengd tafar koma skýrt fram.

Bætur eru ekki greiddar ef töf stafar af því að vátryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrængri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

**Bætur skv. þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.**

## 6 MANNRÁNSTRYGGING

Félagið greiðir dagpeninga kr. 24.000 á dag í allt að 30 daga verði vátryggðum rænt á ferðalagi erlendis og haldið í gislingu.

## 7 FORFÖLL

7.1 Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að kr. 350.000 vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæða er ein af eftirfarandi:

7.1.1 Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni.

7.1.2 Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:  
a) Andist.  
b) Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.

7.1.3 Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

7.1.4 Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.

7.1.5 Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins vátryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.

7.1.6 Rán flutningsfars.

7.1.7 Ófyrirséð tilfærsla á starfsvettvangi.

7.1.8 Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

7.1.9 Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.

**Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.**

**Sérhver vátryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð kr. 12.000 í hverju tjóni.**

Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili vátryggðs.

## 7.2 Takmörkun á bótaskyldu vegna töluliðar 7

**Félagið bætir ekki:**

7.2.1 Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.

7.2.2 Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:

a) Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varðað skyldusóttkví).

b) Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist fyrirkomulag ferðarinnar.

c) Tregðu vátryggðs til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.

d) Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.

e) Breyting á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.

f) Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár.



- 7.2.3 Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útveggar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.
- 7.2.4 Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té og breyting á áætlunartíma hefur ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- 7.2.5 Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tillögu opinbers aðila.
- 7.2.6 Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- 7.2.7 Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldproti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

## 8 ÁBYRGÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA

- 8.1 Félagið greiðir bætur allt að kr. 40.000.000 samtals vegna:
- Líkamstjóns einstaklings er leiðir af bótaskyldu atferli váttryggðs.
  - Tjóns eða skemmda á munum er leiða af bótaskyldu atferli váttryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
  - Kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá váttryggðum annað hvort samkvæmt íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem slysið, tjónið eða skemmdirnar urðu.
  - Málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda váttryggðs vegna tjóns sem félagið hefur samþykkt að bæta.

**Váttryggður ber þó alltaf sjálfábyrgð kr. 20.000 í hverju tjóni.**

## 8.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 8.1

**Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:**

- 8.2.1 Eignarhaldi, umráðum eða notkun vélknúinna farartækja.
- 8.2.2 Ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánum ættingja váttryggðs.

- 8.2.3 Ábyrgð á dýrum sem tilheyra váttryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- 8.2.4 Hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða illfýsi.
- 8.2.5 Ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- 8.2.6 Ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- 8.2.7 Notkun skotvopna, fallhlífarstökki, svifflugi, svifdrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- 8.2.8 Hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða tynast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.

## 9 ALMENN ÁKVÆÐI

- 9.1 Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Váttryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu. Eyðublöð fyrir tjónstilkynningar fást hjá Váttryggingafélagi Íslands hf og á vefsíður félagsins; [www.vis.is](http://www.vis.is).
- 9.2 Tjónabætur greiðast inn á viðkomandi kortareikning í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að skuldfæra á kortareikninginn eigin áhættu í sjúkratjónum.
- 9.3 Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.
- 9.4 Váttryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- 9.5 Við andlát váttryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- 9.6 Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. váttryggingarskilmálum þessum og önnur váttrygging nær jafnframt til sama tjóns,



- greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð, sbr. þó tölulið 7.1.8.
- 9.7 Dánar- og örorkubætur greiðast samkvæmt skilmálum eins kreditkorts, en eru að öðru leyti óháðar öðrum váttryggingum, sbr. þó ákvæði í kaflanum um gildisákvæði hér að framan.
- 9.8 Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins kreditkorts fyrir hvern váttryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- 9.9 Um gildi og túlkun váttryggingarskilmála þessara fer eftir íslenskum lögum, sbr. þó 8.1.c).
- 9.10 Komi í ljós að váttryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta.
- 9.11 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur.
- 9.12 Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 10 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU**
- Félagið bætir ekki:**
- 10.1 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
- a) Beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyps efnis sem gefur frá sér geislavirkni og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- b) Beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- c) Beitingu eða notkun líffræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða váttryggðs.
- d) Stríði, innrás, hernaðaráttökum, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgararóstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán
- e) Félagið bætir ekki tjón, skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðingar af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt staflaðum a), b), c), d) hér að ofan.
- 10.2 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklifi, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, kajakerðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar
- 10.3 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaípróttum eða notkun vélhjóna, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóns, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.
- 10.4 Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- 10.5 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- 10.6 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af
- a) jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
- b) geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- 10.7 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af handalögmálum eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 10.8 Valdi váttryggður váttryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga.



10.9 Ef í einum og sama váttryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum korthafa MASTERCARD, takmarkast heildarbætur félagsins við USD 25 milljónir eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótabegi hefði ella átt rétt til.

## 11 GREIÐSLA BÓTA OG VEXTIR.

11.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni eftir atvikum skv. 50. eða 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

## 12 MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA OG VARNARÞING.

12.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

12.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar váttryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

12.3 Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2011**

## SOS INTERNATIONAL VIÐLAGAÞJÓNUSTA OG NEYÐARHJÁLP

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af MASTERCARD ferðatryggingu korthafa hjá Váttryggingafélagi Íslands hf., að því tilskildu að greiðsla ferðakostnaðar með MASTERCARD korti hafi verið skv. skilmálum.

Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortnúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður af MASTERCARD Íslandi.

## Slysa- og sjúkrapjónusta

### Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á yfir 30 tungumálum.
- heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfolk látið fylgja sjúklingi.
- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- að veita aðstoð vegna almennra tryggingarmála, meðhöndlun slysa og hættuástands.

## Ferðaþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl. (og fleira).
- endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

## SÍMAÞJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn - árið um kring.

Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50  
Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56  
Netfang sos@sos.dk  
Heimasíða www.sos.dk

## Váttryggingafélag Íslands

Sími 354 560 5000  
Fax: 354 560 5108



## BÍLALEIGUTRYGGING

Bílaleigutrygging felur í sér eftirfarandi vátryggingar:

### KASKÓTRYGGINGU OG VIÐBÓTAR ÁBYRGÐARTRYGGINGU

#### Almennir skilmálar

#### 1 LÖG

1.1 Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

#### 2 SKILGREININGAR

Eftirfarandi orð og orðasambönd hafa svofellda merkingu í skilmálum þessum:

2.1 **“Félagið”** merkir Vátryggingafélag Íslands hf. / VIS.

2.2 **“Van Ameyde International”** er aðstoðar- og uppgjörsfélag vegna bótaskyldra tjóna samkvæmt vátryggingu þessari. Þer vátryggðum að tilkynna þeim án tafar um hvers konar tjón sem kunna að verða á bílaleigubílinum eða tjón sem hlýst af notkun hans.

2.3 **“Bílaleigubíll”** merkir hvern þann bíl sem tekinn er á leigu samkvæmt samningi, til eins eða fleiri daga eða vikna, hjá bílaleigufyrirtæki eða umboði þess sem hefur öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda í viðkomandi landi, fylki eða sveitarfélagi.

2.4 **“Vátryggður”** merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta eða nýtur vátryggingarverndar ef til tjóns kemur. Þar er um að ræða korthafa MASTERCARD Platinum Viðskiptakorts sem skráður er ökumaður bílaleigubílsins, svo og aðra skráða ökumenn bílaleigubílsins sem uppfylla að vera einhverjir af eftirtöldum aðilum: Maki hans, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdaforeldrar, systkini, viðskiptavinur eða samstarfsfélagi.

2.5 **“Líkamstjón”** merkir líkamsmeiðsl, veikindi eða sjúkdóm, þ.m.t. andlát sem orsakast af þessum sökum.

2.6 **“Skemmdir á eignum”** merkir efnislegar skemmdir eða eyðileggingu á áþreifanlegum eignum sem eiga sér stað á

2.7 vátryggingartímabilinu, þ.m.t. afnotamissi á eignum.

2.8 **“Viðbótar ábyrgðartrygging”** merkir vátryggingu þessa og tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á vátryggðan hafa farið fram yfir vátryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og/eða annarrar viðlíkrar ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.

2.9 **“Vátryggingarbætur”** merkir fjárhæðir þær sem greiddar eru samkvæmt viðgerðarreikningum, við samninga um lyktir kröfu eða samkvæmt dómi.

2.10 **“Vátryggingartímabil”** merkir tímabil það sem skráð er í bílaleigusamningi og tekur til þess tímabils sem vátryggður hefur bílaleigubílinn undir höndum. Fyrsti dagur leigutímabils verður að vera innan vátryggingartímabils til þess að vátrygging þessi gildi og gildir vátryggingin aldrei yfir leigutímabil sem varir lengur en 31 dag samfellt.

2.11 **“Bílaleigusamningur”** merkir samning sem vátryggður gerir um leigu á bílaleigubíl til dags eða vikna hjá bílaleigufyrirtæki eða umboðsskrifstofu með tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.

2.12 **“Leigutímabil”** merkir tímabilið sem bílaleigubíllinn er tekinn á leigu og vátryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir honum og fellur úr gildi á þeirri stundu sem bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar.

2.13 **“Dvalarland”** merkir land þar sem vátryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

#### 3 TJÓNS- OG KRÖFUTILKYNNING

3.1 TILKYNNNA ÞER ÞEGAR Í STAÐ SÍMLEIÐIS TIL **VAN AMEYDE Í SÍMA +31 70 413 73 90**, UM HVERS KONAR TJÓN ER VARÐA BÍLALEIGUBÍLINN EÐA NOTKUN HANS.



Síðan skal vátryggður senda skriflega tilkynningu um atburðinn eftir nánari fyrirmælum frá Landsbankanum eða VÍS.

Í öllum tilvikum skal tilkynna um mögulega kröfu er falla kann vegna atburðar sem bótaskyldur er samkvæmt ákvæðum 2. og 3. kafla vátryggingarinnar. Slík tilkynning skal berast eigi síðar en 48 klst. frá tjónsatburðinum.

#### 4 GREIÐSLA BÓTA OG VEXTIR

- 4.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

#### 5 MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA OG VARNARÞING.

- 5.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 5.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.
- 5.3 Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 5.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

#### KASKÓTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS

##### 1 GILDISÁKVÆÐI

- 1.1 Hafi korthafi MASTERCARD Platinum Viðskiptakorts gefið kortnúmerið sitt upp sem greiðslu fyrir leigugjald bílaleigubíls mun félagið bæta hinum vátryggðu, sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, það tjón sem verða kann á bílaleigubílnum og þeir eru ábyrgir fyrir samkvæmt ákvæðum bílaleigusamningsins.

Vátryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

Vátryggingin, samkvæmt þessum hluta skilmálanna, er veitt vegna leigu á EINUM BÍLALEIGUBÍL Í HVERJU EINSTÖKU TILVIKI. Vátryggingin tekur eingöngu til bílaleigubíla sem eru í eigu bílaleigufyrirtækis með tilskilin leyfi.

**Þá gildir vátryggingin aðeins ef vátryggður hafnar því að kaupa af bílaleigunni “Loss Damage Waiver” tryggingu (kaskótryggingu) eða viðlíka vátryggingu vegna hins leigða bíls.**

Vátryggingarákvæði samkvæmt skilmálum þessum eru hvorki víðtækari né þrengri en gilt hefði um LDW-tryggingu eða aðra sambærilega vátryggingu sem í boði var hjá þeirri bílaleigu sem viðkomandi bílaleigubíll tilheyrir.

- 1.2 Vátryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi MASTERCARD Platinum Viðskiptakorts svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdaforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður. Skulu vátryggðir ökumenn vera skráðir í BÍLALEIGUSAMNINGI OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR VERA HANDHAFI MASTERCARD PLATINUM VIÐSKIPTAKORTS. Allir vátryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskríteini og vera á aldrinum 21 til 74 ára.

- 1.3 Vátrygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna og Afríku (S.-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

##### 2 VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐ

- 2.1 Félagið greiðir bætur allt að USD 50.000 (eða jafngildi þess í gjaldmiðli viðkomandi lands).

##### 3 TJÓNSORSAKIR SEM VÁTRYGGINGIN NÆR TIL

- 3.1 Bætur greiðast vegna skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs.
- 3.2 Bætur greiðast vegna þjófnaðar og skemmdarverka á ökutækinu.



#### 4 GILDISTÍMI VÁTRYGGINGARINNAR

4.1 Vátryggingin gildir frá og með þeirri stundu er vátryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Vátryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

#### 5 TILKYNNING UM TJÓN - RÁÐSTAFANIR VEGNA TJÓNS

5.1 Verði tjón skal vátryggður án ástæðulauss dráttar tilkynna það símleiðis til **Van Ameyde**, og síðan skriflega eftir nánari fyrirmælum frá Landsbankanum eða VÍS. Er tjón hefur orðið, eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum, ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber vátryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja aðila. Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum vátryggðs getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.

5.2 Engum er heimilt að viðurkenna bótaskyldu fyrir hönd VÍS nema að fengnu skriflegu samþykki félagsins eða Van Ameyde, né veita fyrirheit um nokkrar skuldbindingar af þess hálfu. Félagið skal hafa óskorðaðan rétt til að reka mál, stýra og semja um lyktir mála sem rísa kunna vegna eða í tengslum við kröfur á hendur vátryggðu.

5.3 Félagið leysist úr ábyrgð ef vátryggður krefur það ekki um bæt看 innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik er krafan reis af.

#### 6 FRAMSAFURÉTTAR - ENDURKRÖFURÉTTUR

6.1 Vátryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

6.2 Um allar kröfur sem reistar eru á vátryggingu þessari skal fara að íslenskum lögum og skulu íslenskir dómstólar einir hafa lögsögu um hvers konar ágreining er rísa kann á grundvelli vátryggingar þessarar.

#### 7 UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR

##### Félagið greiðir ekki bæt看 þegar:

7.1 Vátryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða hefur misst réttindi til að aka því;

7.2 Tjóni hefur verið valdið af ásetningi, en sé tjóni valdið af stórkostlegu gáleysi vátryggðs losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta;

7.3 Tjón verður vegna kappaksturs, aksturskeppni, reynsluaksturs eða æfingar fyrir slíkan akstur;

7.4 Um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu, akstur annars staðar en á vegum landsins, svo sem á túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forarvöð, vegatrotninga og/eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi;

7.5 Um er að ræða notkun ökutækisins sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði vátryggingarskilmála;

7.6 Um er að ræða skemmdir er verða vegna efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;

7.7 Tjón verður sem rekja má til eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds bílaleigubílsins;

7.8 Tjón verður af völdum stríðs (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, óeirða, uppbóta, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á bílaleigubílnum af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði, verkfallsaðgerðum eða annarra sambærilegra atburða;



- 7.9 Um er að ræða hvers kyns skemmdir af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna;
- 7.10 Tjón verður af völdum skordýra eða meindýra;
- 7.11 Um er að ræða tjón af völdum hvers kyns sviksamlegs, óheiðarlegs eða saknæms verknaðar sem framinn er af vátrygðum eða sem hann er viðriðinn;
- 7.12 Um er að ræða kostnað sem stofnað er til, hafnað er greiðslu á eða greiddur er af bílaleigunni eða vátryggjendum hennar;
- 7.13 Um er að ræða kröfu vegna verksmiðjugalla og eða framleiðsluskemmda;
- 7.14 Tjón hlýst af akstri aðila sem ekki eru nafngreindir í bílaleigusamningi og uppfylla önnur skilyrði sem vátryggðir.

## **8 ÖKUTÆKI SEM EKKI FALLA UNDIR VÁTRYGGINGU ÞESSA**

- 8.1 Vátryggingin tekur ekki til leigu á sérstaklega hraðskreiðum ökutækjum, þ.e.a.s. Aston Martin, Ferrari, Porsche, McLaren, Lamborghini og annarra slíkra, auk ökutækja sem eru meira en 20 ára gömul eða sem ekki hafa verið framleidd í 10 ár eða lengur. Það er leigutaka að athuga (áður en ökutæki er tekið á leigu) hjá Van Ameyde að ökutækið falli undir vátryggingu þessa.
- 8.2 Þá tekur vátryggingin ekki til leigu vissra farar- og ökutækja, þ.e.a.s. vörubíla, dráttarvéla, hvers konar vinnuvéla, tengivagna og hjólhýsa, húsbíla, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, léttra bifhjóla, torfærubíla til aksturs utan vega og tólmstundafarartækja.

## **VIÐBÓTAR ÁBYRGÐARTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS**

### **1 GILDISÁKVÆÐI**

- 1.1 Hafi korthafi MASTERCARD Platinum Viðskiptakorts gefið kortnúmerið upp til greiðslu fyrir leigugjald bílaleigubíls með framangreindu kreditkortinu sínu mun félagið bæta sérhverja þá skaðabótakröfu sem vátryggðir sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, kunna að verða ábyrgir fyrir gagnvart þriðja aðila, sem ökumenn

bílaleigubílsins á leigutímanum. Vátrygging þessi tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á vátryggðan hafa farið umfram vátryggingarfjárhæðir og sjálfsábyrgðir lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og eða annarrar viðlíka ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið. Ákvæði vátryggingarinnar er undir engum kringumstæðum víðtækari en þær vátryggingar sem eru innifaldar í bílaleigusamningnum.

- 1.2 Vátryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi MASTERCARD Platinum Viðskiptakorts svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdaforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður. Skulu vátryggðir ökumenn skráðir í BÍLALEIGUSAMNINGI OG SKAL SÁ ÆIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR VERA HANDHAFI MASTERCARD PLATINUM VIÐSKIPTAKORTS. Allir vátryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskírteini og vera á aldrinum 21 til 74 ára.

- 1.3 Vátrygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna og Afríku (S.-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

## **2 VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐ**

- 2.1 Félagið greiðir allt að USD 1.000.000 í umframskaðabætur.

## **3 VÁTRYGGINGARSVIÐ**

- 3.1 Vátryggingin er viðbótarábyrgðartrygging og tekur til sömu vátryggingarverndar og hin lögbundna ábyrgðartrygging bílaleigubílsins nær til eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging sem bílaleigufyrirtækið hefur tekið.

- 3.2 Það er skilyrði fyrir bótum úr vátryggingunni að vátryggjendur lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða aðrir vátryggjendur sem annast viðlíka ábyrgðartryggingu fyrir bílaleigufyrirtækið hafi viðurkennt bótaskyldu eða hafi verið taldir skuldbundnir til að greiða skaðabótakröfu sem fram er komin. Vátrygging þessi tekur þá við þegar hin lögbundna ábyrgðartrygging eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging getur ekki að fullu greitt skaðabótakröfuna vegna þess að



vátryggingarfjárhæðin er að fullu greidd og greiðir þá vátrygging þessi þann mismun allt að því hámarki sem getið er í 2. gr. hér að framan.

- 3.3** Vátryggingin tekur sérstaklega til hvers vátryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að það að fleiri en einn vátryggður einstaklingur eigi í hlut skuli ekki stuðla að hækkun vátryggingarfjárhæðar sem tilgreind er í 2. gr. hér að framan.

#### **4 GILDISTÍMI VÁTRYGGINGARINNAR**

- 4.1** Vátryggingin gildir frá og með þeirri stundu er vátryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Vátryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur

#### **5 KOSTNAÐUR, GJÖLD OG ÚTGJÖLD**

- 5.1** Þegar vátryggður hefur rétt á vernd úr annarri vátryggingu t.d. lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka vátryggingu, áskilur félagið sér rétt, þó án þess að verða skuldbundið til slíks, að eiga aðild að málsvörn og stjórn hvers kyns kröfu eða lögsókn sem eðlilega má vænta að félagið eigi hlut að samkvæmt ákvæðum vátryggingarskilmálanna.
- 5.2** Öll útgjöld vegna rannsóknar og málsvarnar í kröfumálum sem vátrygging þessi tekur til, þ.m.t. réttarkostnaður, tryggingar settar vegna áfrýjunar, vextir áður og eftir að dómur er kveðinn upp, skulu ekki falla undir bótamörk vátryggingarinnar.

#### **6 UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR**

**Til viðbótar þeim undanskildu áhættum sem bílaleigusamningur hefur að geyma, tekur vátrygging þessi ekki til:**

- 6.1** Bótaskyldu sem vátryggða er gert að axla samkvæmt lögum um ótryggða ökumenn, vantryggða ökumenn, eða lögum er varða tjón án sakar bílstjóra og lögum um slyss þeirra sem verða fyrir slíkum tjónum eða hvaða öðrum svipuðum lögum sem vera kann. Með því að gangast undir vátryggingu þessa samþykkir korthafi að hann komi fram fyrir sjálfs sín hönd og fyrir hönd allra annarra einstaklinga sem kynnu að vera

meðvátryggðir samkvæmt vátryggingu þessari. Vátryggður hafnar því ennfremur, að því marki sem lög leyfa, að vátryggingin taki til nokkurar vátryggingarverndar sem annars kynni að vera krafist að einhverjum slíkum lögum. Þessi undanskilda áhætta tekur þó ekki til skaðabóta, allt að USD 100.000 samtals, sem hinn vátryggði og meðvátryggðir eiga rétt á að innheimta samkvæmt ákvæðum vátryggingarinnar er tekur til ótryggðs eða vantryggðs ökumanns eða slyss þar sem slyssvaldur hverfur af vettvangi.

- 6.2** Líkams- eða eignatjóns þeirra sem vátryggðir eru samkvæmt vátryggingu þessari eða, að því marki er lög leyfa í ríki því sem bílaleigusamningurinn er undirritaður í, eða líkamstjóns eða eignatjóns nokkurs einstaklings sem tengist hinum vátryggðu blóðböndum, venslum eða með ættleiðingu og býr undir sama þaki.

- 6.3** Skaðabótaúrskurðar í refsingarskyni eða öðrum til varnaðar.

- 6.4** Neinna skuldbindinga sem vátryggður eða einhver annar vátryggjandi hans kann að vera gerður ábyrgur fyrir samkvæmt lögum um bætur til verkamanna, vegna atvinnusjúkdóms, atvinnuleysisbóta eða örorkubóta eða svipuðum lögum.

- 6.5** Líkamstjóns eða eignatjóns sem er afleiðing dreifingar, sleppingar, skyndilegs leka eða seytils hvers konar olíu, jarðolíuefna eða afleiddra efna, fituefna, reyks, gufu, sóts, hvers kyns skaðlegs og eitraðs efnis, vökva og lofttegunda eða annarra ertingarvalda eða mengunarvalda í eða á jarðvegi, andrúmslofti eða hvers kyns straumvatni eða stöðuvatni, eða votlendi, en takmarkast þó ekki við hættuleg efni í grunnvatni, jarðvegsgrunni eða nokkuð það sem þar er. Undanþága þessi á einnig við um hreinsunarkostnað sem stofnað er til og hvers kyns líkams- eða eignatjón sem hlýst af eða er í tengslum við hvaðeina er hér að ofan greinir. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þess er hér segir:
- a) sé geymi eða annarri slíkri geymslu er inniheldur mengunarvalda velt, hvolfst eða hún skemmd vegna notkunar hins vátryggða bílaleigubíls; eða
- b) valdi slík velta eða skemmdir á bifreiðinni losun, dreifingu, sleppingu eða skyndilegum leka mengunarvalda.



- 6.6** Bótaskyldu vátryggðs sem beint eða óbeint rís af, á sér stað vegna eða er afleiðing stýrjaldar, innrásar, athafna erlendra óvina, hernaðaráttaka (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastýrjaldar, uppreisnar, byltingar, uppþots, valdatöku hers eða annarra aðila, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskröfu, eyðileggingar eða skemmda á eign af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði.
- 6.7** Líkams- eða eignatjóns vegna flutninga, geymslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu eða ráðstöfun asbestefna, varnings eða vara sem innihalda asbestefni.
- 6.8** Líkams- eða eignatjón vegna framleiðslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu, beitingar, neyslu eða notkunar einhverra vara sem vítað er að innihalda fjöklórað bífenýl eða sem innihalda afleidd fjöklórað bífenýlefni eða sem í efnaíðnaði er almennt vítað að byggi á líkri formúlu eða virkni, án tillits til þess undir hvaða nafni vörunar eru framleiddar, seldar eða þeim dreift.
- 6.9** Líkams- eða eignatjóns sem orsakast af hættulegum eiginleikum efna eða kjarnaefna sem:
- a) einhverjum einstaklingi eða stofnun er skylt að hafa fjárhagslega vátryggingu yfir samkvæmt lögum um kjarnorku frá 1954 (USA) eða hvers kyns lagabreytingum á þeim; eða
  - b) vátryggði á eða myndi eiga, hefði vátrygging þessi ekki verið gefin út, rétt á skaðabótum frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku eða einhverri stofnun á vegum þeirra samkvæmt samningi sem gerður hefur verið af Bandaríkjunum eða einhverri ríkisstofnun þeirra við einhvern einstakling eða stofnun.
- 6.10** Félagið veitir ekki vátryggingarvernd neinum vátryggðum aðila sem sett hefur fram sviksamlegar fullyrðingar eða sýnt sviksamlegt háttarni í tengslum við hvers konar óhapp eða tjón.
- 6.11** Félagið veitir ekki vátryggingarvernd neinum vátryggðum sem veldur vísvitandi líkamstjóni eða eignatjóni.
- 6.12** Vátryggingarvernd er aðeins veitt vegna leigu á EINU ÖKUTÆKI Í HVERJU EINSTÖKU TILVIKI, sem kann að vera ekið og rekið af einhverjum þeirra sem til greina

koma sem vátryggðir aðilar SVO SEM FRAM KEMUR Í BÍLLEIGUSAMNINGI, OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR SEM ÖKUMAÐU VERA HANDHAFI MASTERCARD PLATINUM VIÐSKIPTAKORTS.

Vátryggingin tekur gildi frá og með þeirri stundu er vátryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubílnum og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigufyrirtækið tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Bótaskylda samkvæmt ákvæðum vátryggingar þessarar er takmörkuð við bótaskyldu sem vátryggður hefði verið verndaður fyrir hefði hann tekið viðbótarábyrgðartryggingu, (LIS) eða aðra viðlíka vátryggingu hjá bílaleigunni.

## 7 SKILYRÐI

### 7.1 Samþykki hins tryggða:

Með því að samþykkja viðbótarábyrgðartryggingu (LIS) í bílaleigusamningi, afsalar vátryggður sér og fyrir hönd annarra vátryggða rétti sínum um vátryggingarvernd úr vátryggingu þessari.

### 7.2 Kröfur á hendur félaginu:

Krafa á hendur félaginu telst ekki réttmæt nema að vátryggði hafi fyllilega hlítt öllum skilmálum vátryggingarinnar. Bætur greiðast því aðeins að þær hafi verið ákvarðaðar með dómi eða með skriflegu samþykki vátryggða, kröfuhafa og félagsins. Hámarksbætur takmarkast við vátryggingarfjárhæð vátryggingarinnar. Skyldu félagsins til að ná sáttum eða halda uppi vörnum lýkur þegar vátryggingarfjárhæðin hefur verið greidd að fullu. Félaginu ber engin skylda til að halda uppi vörnum í nokkru máli eða ná sáttum um nokkra kröfu vegna líkamstjóns eða eignatjóns sem vátryggingin tekur ekki til. Enginn einstaklingur eða stofnun á neinn rétt samkvæmt vátryggingu þessari til að tengja félagið neinni beinni málshöfðun á hendur hinum vátryggða til að ákvarða skaðabótaskyldu hans né getur hinn vátryggði eða löglegur fulltrúi hans tengt félagið slíkum málaferlum. Hafi vátryggði eða bú vátryggða orðið gjaldþrota eða ógjaldfært breytir það í engu skuldbindingum félagsins samkvæmt vátryggingu þessari.

### 7.3 Áfrýjanir:



Í því tilviki að váttryggði kjósi að áfrýja ekki dómsúrskurði þar sem kröfufjárhæð fer umfram váttryggingarfjárhæð lögbundinnar ábyrgðar-tryggingar bílaleigubílsins eða annarrar viðlíkrar váttryggingar, kann félagið að gera slíkt á eigin kostnað og skal þá bera skattskyldan kostnað, útlagðan kostnað og vexti sem á kunna að falla en þó skal bótaskylda félagsins í engu tilviki vera umfram þá upphæð sem tilgreind er í váttryggingu þessari fyrir neitt eitt tilvik auk skattskylds kostnaðar, útlagðs kostnaðar og vaxta er á kunna að falla við slíka áfrýjun.

#### **7.4 Framsal:**

Framsal hagsmuna samkvæmt váttryggingu þessari bindur ekki félagið nema samþykki þess sé ritað á það.

#### **7.5 Aðstoð og samvinna váttryggða:**

Váttryggða ber að hafa samvinnu við félagið um rannsókn, uppgjör kröfu eða málsvörn hvers kyns kröfu eða lögsóknar.

#### **7.6 Gjaldþrot eða ógjaldfærni:**

Ógjaldfærni eða fjárhagsleg vanhæfni váttryggðs hækkar hvorki þær fjárhæðir sem félagið hefði að öðrum kosti þurft að greiða, né kemur váttrygging þessi til viðbótar við neina skerta bótafjárhæð sem bjóðast kann vegna ógjaldfærni eða fjárhagslegrar vanhæfni váttryggðs.

#### **7.7 Breytingar:**

Tilkynning til eða vitneskja einhvers umboðsmanns eða einhvers annars einstaklings hefur hvorki áhrif á afsal eða breytingu neins hluta þessarar váttryggingar, né kemur slíkt í veg fyrir að félagið fái nýtt réttindi samkvæmt váttryggingunni, né skal vera unnt að afsala sér skilmálum váttryggingarinnar eða breyta þeim nema með áritun sem mynda skal hluta þessarar váttryggingar og vera undirrituð af til þess bærum fulltrúa félagsins.

#### **7.8 Tjónstilkynning:**

Þegar atvik verður sem veldur líkamstjóni eða skemmdum á eignum og eðlilega mætti ætla að það yrði tilefni kröfugerðar samkvæmt váttryggingu þessari, skal váttryggður tafarlaust tilkynna um atvikið símleiðis til Van Ameyde. Þar að auki skal skrifleg tilkynning send VÍS, eins fljótt og því verður við komið. Slík tilkynning kemur til viðbótar hvaða öðrum skuldbindingum sem váttryggði kann að hafa samkvæmt lögbundinni ábyrgðartryggingu

bílaleigubílsins eða annarri viðlíka váttryggingu sem tekin er af bílaleigunni. Slík tilkynning skal veita glöggar upplýsingar um hinn váttryggða og upplýsingar sem eðlilegt má telja að afla megi með hliðsjón af tíma, staðsetningu og aðstæðum við tjónsatburð. Váttryggði skal á sama hátt senda tilkynningu til félagsins um hvers kyns kröfu eða lögsókn sem honum kann að berast vegna slíks atburðar og afhenda öll skjöl og gögn þar að lútandi. Leyni váttryggður félaginu vísitandi upplýsingum er varðar slíka kröfu eðalögsókn eða afhendi hann ekki gögn er málið varðar getur slíkt framferði leitt til missis váttryggingarverndar samkvæmt váttryggingu þessari.

#### **7.9 Aðskilnaður hagsmuna:**

Váttryggingin tekur sérstaklega til hvers váttryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að þótt fleiri en einn váttryggður einstaklingur eigi í hlut skal það ekki stuðla að hækkun bótaskyldumarks félagsins samkvæmt 2. gr. váttryggingarinnar.

#### **7.10 Kröfuhafaskipti:**

Bæti félagið tjón samkvæmt váttryggingu þessari, skal félagið taka við öllum réttindum váttryggða til endurheimtu er tengjast slíkri greiðslu, gagnvart hvaða einstaklingi eða stofnun sem er, og skal váttryggði láta gera og afhenda löggæringa og skjöl og gera hvaðeina sem nauðsynlegt kann að vera til að tryggja slík réttindi. Hinn váttryggði skal ekki gera neitt það eftir að tjónsatvik verður er stofnað geti slíkum réttindum í hættu. Allar endurkröfur sem innheimtar eru eða tekið er við eftir uppgjör á tjóni samkvæmt váttryggingu þessari skulu nýttar eins og hefðu þær endurheimst eða við þeim verið tekið fyrir slíkt uppgjör tjóns og allar nauðsynlegar ráðstafanir þá gerðar milli váttryggða og félagsins.

### **8 HEIMILI OG VARNARÞING**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna váttryggingarinnar skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Verði ágreiningur um váttrygginguna, þ.m.t. þegar bótakrafa snertir íslenska hagsmuni, skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.

**Skilmálar þessir gilda frá 19. janúar 2011**